

SKJAL 20/2019

Flytjandi Norðurlandaráð

## Skýrsla um störf eftirlitsnefndarinnar 2019

Eftirlitsnefnd Norðurlandaráðs hefur samkvæmt starfsreglum Norðurlandaráðs eftirfarandi hlutverk:

*Eftirlitsnefnd fer með þingbundið eftirlit með þeirri starfsemi sem kostuð er sameiginlega úr norrænum sjóðum, og sér einnig um aðrar úttektir sem þingið ákveður (6. gr.).*

*Eftirlitsnefnd getur lagt ályktun fyrir forsætisnefnd um túlkun Helsingforssamningsins og annarra samninga um norrænt samstarf, starfsreglur þessar og aðrar ákvarðanir um innri málefni (46. gr.).*

Skipan eftirlitsnefndar í október 2019:

Ruth Marie Grung formaður, Noregi  
Maria Stockhaus varaformaður, Svíþjóð  
Guðmundur Ingi Kristinsson, Íslandi  
Linda Ylivainio, Svíþjóð  
Paula Bieler, Svíþjóð  
Veronika Honkasalo, Finnlandi  
Thomas Jensen, Danmörku

Eftirlitsnefndin hefur haldið fjóra fundi árið 2019 og farið í eina kynnisferð (24. janúar í Reykjavík, 9. apríl í Kaupmannahöfn, 2. september í Helsingfors og 28. október í Stokkhólmi).

Ólíkt fagnefndunum hafa fulltrúar í eftirlitsnefnd persónulega varamenn.

### Heimsóknir á stofnanir

Eftirlitsnefndin fer í reglubundnar eftirlitsferðir til norrænna stofnana sem fá styrki frá Norrænu ráðherranefndinni. Tilgangur heimsóknanna er að varpa ljósi á norrænt notagildi sem stofnanirnar skila. Að heimsóknunum loknum er samin skýrsla sem er send til stofnunarinnar, Norrænu ráðherranefndarinnar, viðkomandi nefndar Norðurlandaráðs sem fer með málaflokk stofnunarinnar og til forsætisnefndar Norðurlandaráðs.



Árið 2019 heimsótti eftirlitsnefndin:

#### **Samband Norrænu félaganna, FNF**

Stofnunin var heimsótt hinn 10. apríl 2019. Viðfangsefnið var starfsemin almennt séð.

#### **Norðurlandaráð**

Stofnunin var heimsótt hinn 10. apríl 2019. Viðfangsefnið var fjárhagsáætlunarferlið, nýtt fjármálakerfi og starfsemin almennt séð.

#### **Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd, NIVA**

Stofnunin var heimsótt hinn 3. september 2019. Viðfangsefnið var starfsemin almennt séð.

#### **Norræna menningargáttin, NKK**

Stofnunin var heimsótt hinn 4. september 2019. Viðfangsefnið var starfsemin almennt séð.

#### **Eftirlitsverkefni 2019**

Ár hvert hefur eftirlitsnefndin boðið stofnununum að skila tillögu að úttektum sem nefndin getur gert. Á árinu 2019 ákvað eftirlitsnefndin að taka fyrir norræna rannsóknaráðið Nordforsk en ætlunin var að gera það í tengslum við stofnanaheimsóknir hjá stofnunum þremur í Ósló, Norrænum orkurannsóknum, Norrænni nýsköpun og Nordforsk. Aftur á móti þurfti að aflýsa heimsókninni. Nordforsk hefur á hinn bóginn heimsótt eftirlitsnefndina vegna þingsins til að kynna niðurstöður úr nýafloknum verksviðsgreiningum sínum.

#### **Önnur verkefni**

##### Ársskýrslur stofnana

Nefndin hefur rétt eins og undanfarin ár lesið ársskýrslur norrænna stofnana sem tengjast Norrænu ráðherranefndinni. Alls er um 12 stofnanir að ræða. Almennt lítur út fyrir að vel gangi hjá stofnununum á heildina séð og að þær nái þeim markmiðum sem koma fram í árangurssamningunum við Norrænu ráðherranefndina.

##### Árleg fjárveitingarbréf

Venju samkvæmt semur Norræna ráðherranefndin fjárveitingarbréf til stofnana sinna. Tilgangur fjárveitingarbréfa er að skapa betri yfirsýn yfir starfsemi mismunandi stofnana og stuðla að auknu gagnsæi og betri tækifærum til þingbundins eftirlits. Eftirlitsnefndin hefur skoðað öll fjárveitingarbréf.

##### **Skýrslur Ríkisendurskoðunar**

Á fundi sínum í september í Helsingfors fór eftirlitsnefndin yfir skýrslur Ríkisendurskoðunar Danmerkur um Norrænu ráðherranefndina, Norðurlandaráð og Norræna menningarsjóðinn. Hlutverk nefndarinnar er að undirbúa afgreiðslu ársreikninga á þingi Norðurlandaráðs.

Eftirlitsnefndin staldraði við þau atriði í skýrslum Ríkisendurskoðunar um ársreikningana sem nánar greinir að neðan og hefur af því tilefni beint til Norðurlandaráðs að samþykkja á þinginu í Stokkhólmi:



- Að það hvetji Norrænu ráðherranefndina, Norðurlandaráð, Norræna menningarsjóðinn og Norræna húsið á Íslandi til að framfylgja athugasemdum Ríkisendurskoðunar.
- Að það hvetji Norrænu ráðherranefndina, Norðurlandaráð og Norræna menningarsjóðinn til að sjá svo um að:
  - Bætt verði úr veikleikum sem eru á umsjón og eftirliti með aðgangsréttindum og á sundurliðun í fjármálakerfi Norrænu ráðherranefndarinnar og að farið verði yfir allar greiðslur frá 1.1.2018 fram til þess að nýtt fjármálakerfi var tekið upp og að teknar verði stikkprufur frá síðustu 5 árum til að tryggja að óheimilar greiðslur hafi ekki átt sér stað.
  - Kerfislegur stuðningur við fjármálastjórnina verði bættur og að bækur verði í framtíðinni færðar með þeim hætti að tryggt sé að allt efni til endurskoðunar liggi fyrir við upphaf endurskoðunarinnar og að efnið sé yfirfarið áður en það er lagt fram.

Auk þess, hvað Norrænu ráðherranefndina varðar sérstaklega, að:

- Farið verði yfir öll verkefni til að tryggt sé að þau séu rétt skráð í hinu nýja fjármálakerfi. Skrá skuli verkefnaskuldir bæði sem skammtíma- og langtímaskuldir svo að unnt verði að skipta verkefnaskuldum upp með nákvæmari hætti frá einu ári til annars.
- Séð verði til þess að Norræna húsið á Íslandi fylgi eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar um veikleika í innra eftirliti vegna skorts á sundurliðun.

Ríkisendurskoðun hefur farið yfir fjárreiður og ársskýrslur allra norrænu stofnananna þriggja og telur að ársreikningarnir gefi réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að ekki sé nauðsynlegt að gera alvarlegar athugasemdir við reikninga ársins 2018. Ríkisendurskoðun telur jafnframt að ráðstafanir sem um er getið í ársreikningunum séu í samræmi við lög og reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.